

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi: **Hjalti Jón Guðmundsson**
Dags: **14.10.2022**
Boðaðir: **Kolbeinn Óttarsson Proppé, Valgerður Sigurðardóttir, Sigurgeir Bárðason, Þorgils Torfi Jónsson**
Fundarmenn: **Allir mættir**
Bréfalykill: **02.02.03 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð - Fiskeldi**
Málsnúmer: **MAR22030127**

Efni: 6. fundur - Umhverfissjóður sjókvíaeldis - stjórn 2022-2026

Frásögn af fundi

Dagskrá fundar:

1. Erindi stjórnar og viðbrögð við því

Formaður upplýsti stjórn um að ráðherra hefði ekki gefið neitt formlegt svar við erindinu. Stjórn ákvað engu að síður að unnið yrði að þeim verkefnum sem þar eru útlustuð að því marki sem það er í stjórnarinnar höndum.

2. Yfirferð/endurskoðun á verklagi og úthlutunarreglum sjóðsins

Stjórn ræddi um mögulegar breytingar á verklagi og úthlutunarreglum sjóðsins. Starfsmanni var falið að skoða hvernig úthlutunarreglum og umsýjónarkerfi Matvælasjóðs væri háttað.

3. Fyrri greiðsla v. úthlutunar ársins 2022

Starfsmaður upplýsti stjórn um að greiddar hefðu verið 124.635.238 kr. vegna fyrri greiðslu úthlutunar ársins 2022.

4. Yfirferð Gríms og Ingimars á loka-/framvinduskýrslum

Stjórn fór yfir yfirferð utanaðkomandi sérfræðinga á lokaskýrslum. Stjórn ákvað að haldinn yrði aukafundur á TEAMS þann 19. okt. 2022 til að ákveða hvort greiða skyldi út seinni greiðslu vegna loka-/framvinduskýrlna. Í millitíðinni myndu stjórnarmeðlimir leggja sjálfstætt mat á innsendar loka-/framvinduskýrslur.

5. Heimsókn til Vest-/Austfjarða

Stjórn spennt fyrir því að fara í vettvangsferð en ákvað að þetta skyldi skoðað þegar liði á vorið 2023.

6. Önnur mál

Starfsmanni var falið að senda öllum þeim sem eiga eftir útistandandi greiðslur áminningu um að skila loka-/framvinduskýrslu.

Umræður voru um hvernig háttá skyldi birtingu á lokaskýrslum. Stjórn var sammála um að breyta þyrfti umsóknareyðublaði á þann veg að meginreglan yrði að lokaskýrslur yrðu birtar nema sérstaklega yrði óskað eftir öðru og það rökstutt. Var ákveðið að formleg ákvörðun yrði tekin um þetta atriði næst þegar yrði auglýst.

Niðurstaða og ákvarðanir

Starfsmanni falið að boða aukafund þann 19. okt. 2022 sem haldinn yrði á TEAMS.

Starfsmanni falið að skoða úthlutunarreglur Matvælasjóðs.

Tilvísun í málnúmer og fylgiskjöl

